

2202. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn föstudaginn 9. febrúar 2018 á Laugardalsvelli og hófst kl. 12:15.

Mættir: Guðni Bergsson formaður, Guðrún Inga Sívertsen, Gísli Gíslason, Magnús Gylfason, Borghildur Sigurðardóttir, Jóhann Torfason, Jóhannes Ólafsson, Kristinn Jakobsson, Ragnhildur Skúladóttir, Rúnar V. Arnarson, Vignir Már Þormóðsson, Björn Friðþjófsson, Jakob Skúlason, Magnús Ásgrímsson og Tómas Þóroddsson.

Þá sat Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Ingvar Guðjónsson

Þetta var gjört:

1. Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð síðasta fundar var þegar samþykkt rafrænt.
2. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar.
 - Laga og leikreglanefnd, 2. febrúar 2018
 - Landsliðsnefnd U21 karla, 30. janúar 2018
 - Fræðslunefnd, 31. janúar 2018
 - Unglinganefnd kvenna, 5. desember 2017
3. Ársþing KSÍ
 - Skýrsla stjórnar 2017 lögð fram til kynningar.
 - Gísli Gíslason gjaldkeri stjórnar kynnti reikninga sambandsins.
 - Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsáætlun 2018.
 - Rætt um fyrirleggjandi tillögur:
 - Tillaga að lagabreytingu - Heildarbreyting (Stjórn KSÍ)
Guðrún Inga Sívertsen kynnti hugmyndir ÍTF um breytingartillögur á tillögu stjórnar/starfshóps. Guðrúnu Ingu og Borghildi var falið að funda með ÍTF fyrir ársþing til að fara betur yfir málið.
Rætt um hlutverk landshlutafulltrúa. Stjórn sammála um skerpa á hlutverki þeirra.
 - Tillaga að lagabreytingu - Fjölgun liða í 3. deild (Reynir Sandgerði)
 - Tillaga til ályktunar - Kröfuréttindi og skráning samninga (ÍBV) - Dregin til baka
 - Tillaga til ályktunar - Skoska leiðin (Stjórn KSÍ)
 - Engar breytingar hafa orðið á framboðum til stjórnar.
4. Málefni Laugardalsvallar
 - Guðni Bergsson formaður KSÍ upplýsti stjórn um stöðu mála varðandi Laugardalsvöll. Starfshópur um völinn fundar nú vikulega til 1. apríl en þá á hann að skila af sér niðurstöðum.
5. Málefni landsliða
 - U17 kvenna lék vináttuleiki gegn Skotum 4. og 6. febrúar í Kórnum. Báðum leikjunum lauk 4-0 fyrir Ísland. Öll umgjörð leikjanna var til fyrirmyndar.
6. Leyfismál
 - Öll 24 félögin sem undirgangast leyfiskerfi KSÍ fyrir keppnistímabilið 2018, þ.e. félögin í Pepsi-deild karla og Inkasso-deild karla, hafa skilað leyfisögnum. Leyfisstjórn hefur þegar farið yfir gögnin og gert athugasemdir þar sem við á. Staðfest að greiðslur KSÍ vegna leyfiskerfisins eru 1.400.000.- til félaga í Pepsi-deild karla (skv. samningi við ÍTF) og 1.050.000.- til félaga í Inkasso deild karla.
7. Mótamál

- Keppnisfyrirkomulag í 2. deild kvenna samþykkt.
- Riðlaskipting og keppnisfyrirkomulag í 4. deild karla samþykkt.
- Samþykkt var að hafa verðlaunafé í Lengjubikarnum óbreytt í samræmi við fjárhagsáætlun.

8. Dómaramál

- Undirbúningur fyrir komandi tímabilið gengur vel.
- Fundur um samning KSÍ við Félag deildadómara hefur verið boðaður í næstu viku.

9. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað um samfélagsstefnu KSÍ sem á að tryggja sanngirni, stöðugleika og gagnsæi. Stjórn samþykkti að þróa hugmyndina áfram og fól framkvæmdastjóra og markaðsstjóra að leiða verkefnið. Lögð áhersla á að styrkir KSÍ í slíkum verkefnum felist fyrst og fremst í hreyfiafli knattspyrnunnar en ekki háum fjárhagslegum stuðningi.
- Ísland fékk Fair play viðurkenningu UEFA. Aðildarfélög geta sótt um 50.000.- evru styrk frá UEFA fyrir „fair play“ verkefnum. Framkvæmdastjóra falið um að óska eftir frekari upplýsingum frá UEFA og auglýsa síðan eftir verkefnum á heimasíðu sambandsins.
- Rætt um #me too. KSÍ hefur fylgt viðbrögðum ÍSÍ og nú er beðið eftir niðurstöðu starfshóps menntamálaráðuneytisins. Stjórn er einhuga í því að þegar þær niðurstöður liggja fyrir verði tekið á málunum af festu og ekki síst litið til fyrirbyggjandi aðgerða.
- Tekið fyrir erindi frá HÍ vegna hugmynda um doktorsverkefni um stöðu íslenskrar knattspyrnu. Stjórn telur erindið áhugavert en frestaði afgreiðslu þess.
- Vignir Már Þormóðsson lagði fram spurning um samninga við bakhjarla og hvort að samningar KSÍ við bakhjarla gætu verið að hafa neikvæð áhrif á möguleiki aðildarfélaga til að nálgast bakhjarla. Guðni Bergsson formaður KSÍ svaraði og taldi svo ekki vera, hann hafi rætt þetta sérstaklega við forsvarsmenn bakhjarla í samningaviðræðum og þeir hafi svarað því skýrt að svo væri ekki.

Fleira var ekki bókað og var fundi slitið kl. 15:40.